

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 23. október 2017
Mnr. 2017010033



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - stílsnið.docx

Deiliskipulag – Tunguskeið iðnaðarhluti

Þær breytingar sem snúa að iðnaðarhlutanum á Skeiði eru m.a. að lóðinni á móti Bónus, er skipt upp í þrjár smærri lóðir. Nefndin þyrfti að taka umræðu um þá breytingu hvort hún telji hana réttmæta eða ekki, hvort halda ætti í lóðina óbreytta þ.e.a.s ein stór lóð skv. eldra skipulagi.

Aðrar breytingar sem snúa að skipulaginu er að nýtingarstuðull við götur A og B er hækkaður úr 0.2 í 1 jafnframt er götuheitum breytt og einfölduð þannig að öll hús verði við Skeiði. Nöfnin A og B felld út.

Erla veltir fyrir sér eftirfarandi þ.e. varðandi uppskiptingu lóðarinnar fjölga lóðum jafnvel enn frekar og grynka á þeim þannig að þær liggi ekki svo nærri Tungubraut m.t.t. snjósöfnunar.

„Það væri kannski ekki áhugavert að fá mjög „stóra“ starfsemi þarna, þar sem þetta er svo nærri íbúðarbyggðinni. Lóðirnar mættu jafnvel vera mjórri, þannig að þær yrðu jafnvel 4-6 og svo mættu þær jafnvel grynka þannig að þær liggi ekki svona nærri Tungubrautinni. Þétt byggð þarna gæti aukið á snjósöfnun á Tungubrautinni vegna þess hversu opið landið er á Bónusplaninu, þess vegna færi ég byggingarreitina fjær Tungubrautinni. Ég færi hinsvegar ekki byggingarreitina á lóðunum sem eru sunnar, ef hverfið byggist allt upp ætti þetta ekki að verða vandamál þar.